



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 87. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 22. febrúar 2010 kl. 15:00, í húsakynnum Samorku.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, formaður, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson og Ragna Karlsdóttir. Forföll boðuð: Bjarni Pálsson og Ólafur G. Flóvenz.

### 1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Aðalfundur JHFÍ 2010.

Aðal- og vorfund JHFÍ ber upp á 10 ára afmæli félagsins í vor. Rætt var um tímasetningu, fundarstað, kjör í embætti, efni vorfundar (sem fylgir í kjölfar aðalfundarins), hugsanlega fyrirlesara o.fl. Eftirfarandi kom fram / var ákveðið / var sett í ferli:

- Aðalfundurinn skal haldinn fimmtudaginn 8. apríl [síðar breitt í 14. apríl] kl. 13:30, og vorfundurinn kl. 14:30 sama dag. Boða þarf aðalfund með minnst 10 daga fyrirvara, þ.e. eigi síðar en mánudaginn 29. mars.
- Fundirnir verða haldnir í Víðgelmi, Grensásvegi, sé aðstaðan í boði. Ragna kannar.
- Ásgeir hefur í vor gegnt formennsku í fjögur ár og er því skv. samþykktum félagsins ekki kjörgengur til áframhaldandi formennsku. Kjósa þarf nýjan formann.
- Auður, Bjarni og Ólafur voru öll kjörin í stjórn til tveggja ára á aðalfundi 2008. Auður hyggst ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, ekki lágu fyrir upplýsingar varðandi Bjarna og Ólaf, sem ekki sátu fundinn.
- Ákveðið að athuga með hugsanlega heiðursfélaga. Gústaf kannar stöðu.
- Rætt um að veita hugsanlega 1-2 styrki í tilefni afmælis félagsins, t.d. til doktorsnemenda. Ragna skoðar.
- Ákveðið að óska eftir að þátttakendur skrái nafn, heimilisfang, kennitölu og virkt netfang, til að auðvelda viðhald félagatals, og sem hugsanlega mun nýtast til að taka upp aðrar innheimtuaðferðir félagsgjalda.
- Ákveðið að þema vorfundar verði (vinnuheiti) *Leyfisveitingar, skipulag og mat á umhverfisáhrifum – staða og æskileg þróun*. Umhverfisráðherra, orkumálastjóra, einum ráðgjafa og einum fulltrúa orkufyrirtækja verði boðið að vera með erindi. Auður tekur að sér erindi ráðgjafans, Ásgeir kannar með hin og með fundarstjóra. Gústaf verður ritari aðalfundarins.
- Stjórnin mun gera tillögu um óbreytt félagsgjöld (kr. 500 fyrir ellilífeyrisþega, 2.500 fyrir aðra einstaklinga en 25.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir).

### 3. Innheimta félagsgjalda.

Jónas gerði grein fyrir stöðunni. Svipuð innheimta og á síðasta ári, um 80-85% skráðra einstaklinga hafa greitt og um 15 fyrirtæki/stofnanir. Nokkrir hafa ekki greitt í a.m.k. tvö ár og verða strikaðir út úr félagatali, þó að undangengnu samstarfi stjórnarmanna um að hafa upp á þeim sem ekki hafa greitt en eru hugsanlega með skráð óvirk netföng.

### 4. Önnur mál.

- Umræður um WGC 2010 á Balí, stefnir í að a.m.k. 70-80 Íslendingar sækji þingið.
- Skoðuð drög að uppfærðu logoi félagsins frá hönnuði hjá Mannvit. Ákveðið að halda tryggð við gulrauða litinn upphaflega, en eiga gráa útgáfu einnig.

Næsti stjórnarfundur mánudaginn 22. mars kl. 15:00, í húsakynnum Verkís, Suðurlandsbraut 4.

Fundi slitið kl. 16:00. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---